ÁGRIP

DAGS.	VERKHEITI
04.11.2026	Áhrif og þróun deili-rafhlaupahjóla á ferðavenjur á Íslandi

HÖFUNDAR	RÁÐSTEFNA
Daði Baldur Ottósson, Ásmundur Jóhannsson og Valur Elli Valsson	25. Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 6. nóvember 2026

Tilgangur og markmið

Deilirafhlaupahjól hafa á skömmum tíma orðið mikilvægur liður í samgöngum hérlendis. Frá fyrri rannsókn EFLU árið 2020 hefur floti Hopp vaxið úr 230 hjólum í Reykjavík í um 3.300 hjól á landsvísu, en heildargreining á ferðamynstri notenda hefur ekki verið gerð síðan. Markmið verkefnisins var að greina hvernig notkunin hefur þróast, í hvaða tilgangi rafhlaupahjólin eru notuð, hvaða ferðamáta þau leysa af hólmi og hvaða kröfur þau gera til innviða.

Gögn og aðferðir

Rannsóknin er byggð á tveimur aðferðum. Ferðavenjukönnun var lögð fyrir notendur Hopp sumarið 2025 og bárust 760 svör, sem borin voru saman við kannanir frá 2020 og 2022. Jafnframt voru greind ópersónugreinanleg ferilgögn allra ferða Hopp frá september 2019 til október 2026, alls um 11,4 milljónir ferða, sem greindar voru eftir tíma, vegalengd, hraða, nýtingu flotans og sveitarfélögum. Svarendur könnunarinnar eru ekki þverskurður samfélagsins og ungt fólk var líklegra til að svara. Greining á gögnum og framkvæmd ferðavenjukönnunar var unnin í samstarfi við Hopp.

Helstu niðurstöður

Deilirafhlaupahjól hafa þróast úr afþreyingu í daglegan ferðamáta. Hlutfall þeirra sem leigja deili-rafhlaupahjól þrisvar í viku eða oftar fór úr 8% árið 2020 í 38% árið 2025. Algengustu tilefnin eru ferðir til vinnu (51%) og til vina og ættingja (50%), en skólaferðum hefur fjölgað mest, úr 12% í 34%. Um 45% notenda hafa stundum eða reglulega sameinað notkun á rafhlaupahjóli og strætó í sömu ferð til að komast til loka áfangastaðar. Notendur segjast nú fara færri ferðir fótgangandi (40%), á einkabíl (37%) og með Strætó (35%) en áður. Um 46% hafa lent í óhappi eða slysi og 65% nota aldrei hjálm á deilirafhlaupahjóli. Til að auka öryggi nefna flestir bætt gæði stíga (79%), fleiri aðskilda hjólastíga (54%) og betri vetrarþjónustu (50%).

Greining á ferilgögnum sýna að ferðum fjölgaði úr um 0,4 milljónum árið 2020 í 2,2 milljónir árið 2023 og hafa síðan verið um 2 milljónir á ári. Ferðum á hvert hjól á dag hefur fækkaði með stækkandi flota. Ferðirnar eru stuttar, 68,5% þeirra árið 2025 voru styttri en 2 km, og meðalhraði hefur aukist úr 9 í 13 km/klst. Í þriggja mánaða úrtaki hófust um 79% ferða á höfuðborgarsvæðinu í Reykjavík og 93% enduðu í sama sveitarfélagi.

Ályktanir

Niðurstöðurnar benda til þess að deilirafhlaupahjól séu orðin raunverulegur hluti daglegra ferða, einkum hjá ungu fólki á leið til vinnu og skóla. Þau virðast fækka bílferðum hjá hluta notenda og nýtast sem tengiferðamáti við almenningssamgöngur, en koma einnig í stað gönguferða. Notendur kalla fyrst og fremst eftir betri innviðum, svo sem viðhaldi stíga, vetrarþjónustu og samfelldum, aðskildum hjólastígum, fremur en hertum reglum. Lítil hjálmanotkun kallar þó á aðgerðir í öryggismálum. Ferilgögnin eru verðmætur grunnur til að forgangsraða ákvörðunum sem snúa að innviðum hjólandi, sem og vakta þróun á notkun deilirafhlaupahjóla.

Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar.